Viðskiptafræðistofnun

# Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

# Center for Corporate Governance (CCG)

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti í fyrirtækjum og stofnunum (Center for Corporate Governance - CCG) er vísindaleg rannsóknastofa sem starfar í nánum tengslum við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands (Institute for Business Research, University of Iceland).

Rannsóknarmiðstöðin er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði stjórnarhátta í víðum skilningi. Forsvarsmaður rannsóknarmiðstöðvarinnar er Dr. Eyþór Ívar Jónsson dósent, eij.mba@cbs.dk.

Hlutverk rannsóknarmiðstöðvarinnar er:

a. Stunda rannsóknir á sviði stjórnarhátta í sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf og kynna þær,
b. Vera bakland kennslu í stjórnarháttum og eiga þátt í þjálfun meistara- og doktorsnema í rannsóknum á sviðinu,
c. Byggja upp tengsl og efla samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði stjórnarhátta,
d. Vinna þjónustuverkefni á sviði stjórnarhátta,
e. Gangast fyrir atburðum sem varða stjórnarhætti.

Stjórn rannsóknarmiðstöðvarinnar skipa Eyþór Ívar Jónsson dósent við CBS (formaður), Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri Heims, Runólfur Smári Steinþórsson prófessor við HÍ, Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallarinnar og Þráinn Eggertsson prófessor við HÍ.

Ráðgefandi stjórn rannsóknarmiðstöðvarinnar skipa: Chris Pierce framkvæmdastjóri Global Governance Services, Martin Hilb prófessor University of St. Gallen, Morten Huse prófessor BI og Steen Thomsen prófessor CBS.